

Ísafjarðarbær  
B/t Bryndísar Óskar Jónsdóttur bæjarritara

Efni: Tillaga um nýtingu framkvæmdafés fyrir árið 2020.

Með erindi þessu skilar Hverfisráð Holta-, Tungu- og Seljalandshverfa inn tillög að nýtingu á framkvæmdafé fyrir árið 2020 til Ísafjarðarbæjar.

Hverfisráð óskar eftir að framkvæmdafé 2020 verði nýtt til uppbyggingar á Hreystisvæði sem nýtist ungmennum og fullorðnum. Með hreystisvæði er átt við svæði eða áningarstað við gönguleið þar sem komið er fyrir búnaði sem nýtist til fjölbreyttrar líkamsræktar og þrekæfinga. Þannig gefst vegfarendum kostur á að bæta styrkjandi æfingum við þolaukandi áhrif göngutúrs. Hverfisráð vill biðja Ísafjarðarbæ að skoða möguleika á búnaði sem hefur útlit og fellur vel að umhverfi sínu. Það er tillaga hverfisráðs að Hreystisvæðið verði staðsett meðfram gönguleið sem liggur frá Stórholti og inn Dagverðardal aftan við og til hliðar við snjóflóðavarnargarðinn. Samkvæmt skipulagsupprætti gildandi deiliskipulags í hlíðum Kubba aftan við Holtahverfi er gert ráð fyrir trönuleiksvæði, sparkvelli og púttvelli ásamt nokkrum áningarstöðum. Hverfisráð biður Ísafjarðarbæ að kanna hvort hugmynd að hreystigarði falli að gildandi skipulagi. Væri hreystigarðurinn þá fyrsti liður í uppbyggingu á útivistar og afþreyingarsvæði á þessum stað.

Sem dæmi um hreystitæki má benda á eftirfarandi vefsíður:

<https://noordoutdoorfitness.com/about-noord/>

<https://hreyfisport.is>

Hverfisráð leggur sérstaka áherslu á að afgreiðsla og vinnsla erindis sé með þeim hætti að framkvæmdarfé 2020 verði nýtt á árinu.